

8. júlí 1971.

253

Nr. 128.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um minningarsjóð Jónatans J. Líndals á Holtastöðum, A.-Hún., útgæfin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um minningarsjóð Jónatans J. Líndals á Holtastöðum, A.-Hún.

1. gr.

Sjóður þessi er myndaður 26. júní 1969 af Engihlíðarhreppi í tilefni af 90 ára afmæli hreppstjóra, Jónatans Jósafatssonar Líndals bónda á Holtastöðum, og er kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund — frá hreppnum og þess utan leggur Jónatan J. Líndal sjóðnum til kr. 10 000.00 — tíu þúsund — svo að hann verður alls kr. 30 000.00.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi, eða annarri jafntryggri lánastofnun.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms efnilega unglinga í Engihlíðarhreppi (eins og hreppurinn er nú). Má verja $\frac{3}{4}$ af árlegum vöxtum sjóðsins til námsstyrktar einum efnilegum unglingi í hreppnum á aldrinum, 13—18 ára, skal styrkur venjulega veittur sama unglingi 3 ár samfleytt. Að öðru jöfnu skal sá sitja fyrir er hefur hæsta prófseinkunn. Sæki enginn um styrkinn eitthvert ár leggjast vextirnir við höfuðstólinn. Vaxi sjóðurinn svo að úthlutunarnefnd telji ástæðu til má skipta styrknum milli tveggja unglinga.

Styrknum skal úthlutað í júnímánuði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast 3ja manna nefnd. Hreppstjóri Engihlíðarhrepps, hreppsnefndaroddviti sama hrepps og sóknarprestur Holtastaðakirkju. Sé sami maðurinn hreppstjóri og oddviti tekur varaoddviti sæti í nefndinni. Nefndin skiptir sjálf verkum með sér. Stjórn sjóðsins færir gjörðarbók um styrksúthlutun og fundi. Í þá bók skal einnig færa reikninga sjóðsins. Af vöxtum sjóðsins skal stjórnin fá greiddan útlagðan kostnað, en fær að öðru leyti ekki þóknun fyrir störf sín.

Reikningur sjóðsins skal jafnan fylgja reikningi Engihlíðarhrepps til endurskoðunar.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.